




28. apríl 2011

Skinney Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegna eftirlits Heilbrigðiseftirlits Austurlands í fiskimjölverkmiðju Skinneyjar-Þinganes hf.
þann 15. apríl 2011

Fyrirtæki:	Skinney-Þinganes hf. fiskimjölverksmiðja á Hornafirði	Hnit:	.
Verksmiðjustjóri	Þórður Jónsson	Eftirlitsflokkur	2
Símar:	478-1219,	Afköst, t/sh	Allt að 900
Heilbrigðisfulltrúi	Leifur Þorkelsson	Starfsleyfi gildir til	30. júní 2026
Fulltrúi rekstraraðila	Elín Harðardóttir gæðastjóri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Dags. eftirlits	15. apríl 2011		

Eftirlitsferðin og úrvinnsla í kjölfarið skiptast í kafla skv. eftirfarandi:

FUNDUR.....	1
YFIRFERÐ SÍÐUSTU EFTIRLITSSKÝRSLU	2
YFIRFERÐ Á STARFSLEYFI.....	2
SKOÐUN Á VETTvangi	4
NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS – SAMANTEKT.....	5

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna skýrslunnar sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnáskilum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi
AUSTURLANDSSVÆFIS

Fundur

Á fundi með gæðastjóra í upphafi eftirlitferðarinnar kom meðal annar fram að unnið hefur verið úr rúmlega 18.000 af hráefni, aðallega loðnu það sem af er árinu. Allt árið 2010 var unnið úr um það bil 22.000 tonnum.

Búið er að útbúa lekavarnarþró umhverfis lýsigeyma. Til stendur að hækka eldri hluta þróarinnar og í framhaldi af því verður rými þróarinnar mælt.



verksmiðjuhús

Sýni voru ekki tekin af fráveituvatni á árinu 2010 og hafa ekki verið tekin það sem af er árinu 2011 en stefnt er að því að taka sýni þegar vinnsla í verksmiðjunni hefst á nýjan leik.

Ekki hefur verið æfð notkun flotgirðingar en til stóð að æfa hana á árinu 2010 í samræmi við starfsleyfis ákvæði. Vonast forráðamenn verksmiðjunnar til þess að endurbætur á lekavarnarþró umhverfis lýsigeyma nægi til þess að rými þróarinnar verði nægilega mikið til þess að hugsanlega verði hægt að endurskoða ákvæði um flotgirðingu og æfingar á notkun hennar.

Vinna við grænt bókhald vegna ársins 2010 er vel á veg komin.

Yfirferð síðustu eftirlitsskýrslu

Síðast var farið í eftirlitsferð í verksmiðjuna þann 10. júní 2010. Eftirfarandi athugasemd var gerð í þeirri gerð

Gr. nr.	Atriði
3.2	Taka þarf sýni af fráveituvatni úr fitugildru og öðrum hreinsibúnaði verksmiðjunnar og mæla fitu, svifefni og COD. Framkvæma þarf rennismælingar á frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

Staða við skoðun 15. apríl 2011

Sýnataka á fráveituvatni hefur ekki enn farið fram, en samkvæmt starfsleyfi verksmiðjunnar eiga sýnatökur á fráveituvatni að fara fram árlega.

Önnur atriði sem þurfti að lagfæra að mati eftirlits aðila voru eftirfarandi.

1. *Fallgrind verði sett við hráefnismóttöku*
2. *Lokið verði við að malbika plan umhverfis hráefnismóttöku*

Staða við skoðun 15. apríl

1.-2. Óbreytt frá síðustu skoðun

Yfirferð á starfsleyfi

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og eftirfarandi athugasemdir og ábendingar gerðar eftir því sem ástæða þótti til.

- 1.5 Bent er á að skila þarf áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar til Umhverfisstofnunar innan árs frá útgáfu starfsleyfis eða í síðasta lagi 10. júní 2011
- 2.22 Lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma hefur verið útbúin. Til stendur að hækka vegg í eldri hluta þróarinnar og mæla rúmatak hennar að þeim framkvæmdum loknum.
- 2.24 Flotgirðing er til staðar en notkun hennar hefur ekki verið æfð.


- 3.1 Upplýsingar um þau atriði sem verksmiðjunni er gert að skrá samkvæmt þessum lið koma að mestu leyti fram í grænu bókhaldi.
- 3.2 TVN er mælt reglulega bæði í lönduðu hráefni og í hráefni til vinnslu og eru niðurstöður mælinga aðgengilegar eftirlitsaðila. Mælingar á fitu, svifefnum og COD í frárennsli hafa hinsvegar ekki farið fram frá því árið 2009
- 3.3 Grænu bókhaldi vegna ársins 2009 hefur verið skilað, vinna við grænt bókhald vegna ársins 2010 er vel á veg komin.
- 4.3 Í grænu bókhaldi ársins vegna ársins 2009 er þess getið að til standi að endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækisins þegar nýtt starfsleyfi yrði gefið út. Nýtt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun var gefið út 10. júní 2010, því má búast við endurskoðari umhverfisstefnu í grænu bókhaldi vegna ársins 2010
- 4.7 Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstaraaðila samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun.
- 5.2 Minnt er á að fyrir 1. maí 2013 þarf að framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli.

Starfsleyfi verksmiðjunnar var gefið út 10. júní 2010. Í lið 1.6 í leyfinu er tiltekið að starfsleyfið skuli endurskoðað á fjögurra ára fresti. Endurskoðun ætti því að fara fram á árinu 2014

Skoðun á vettvangi

Gengið var um verksmiðjuna og athfnasvæði hennar. Umhverfi verksmiðjunnar hefur tekið miklum breytingum til batnaðar á undanförunum árum. Plön umhverisverksmiðjuna eru malbikuð og verið var að vinna við hellulögn á milli verksmiðjuhúss og mjöhlúss þegar eftirlit fór fram.

Enn á þó eftir að malbika aðkeyrslu að hráefnismóttöku og eins þarf að huga að fallvörnum við móttökuna



Plan við hráefnismóttöku

Þá var enn talsvert magn af efnavöru aðallega síru í geymslu utandyra, áður hefur verið bent á að æskilegt væri að geyma slíkar vörur innandyra eða á afgirtu svæði þar sem almenningur á ekki greiðan aðgang að.

Niðurstöður eftirlits – samantekt

Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi atriði, sbr. númer greina í starfsleyfi:

Gr. nr.	Atriði
2.24	Notkun flotgirðingar hefur ekki verið æfð
3.2	Taka þarf sýni af fráveituvatni úr fitugildru og öðrum hreinsibúnaði verksmiðjunnar og mæla fitu, svifefni og COD. Framkvæma þarf rennismælingar á frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

Annað sem eftirlitsaðili telur þurfa að lagfæra:

1. Fallgrind verði sett við hráefnismóttöku
2. Lokið verði við að malbika plan umhverfis hráefnismóttöku
3. Efnavöru þyrfti að geyma á stað þar sem almenningur hefur ekki aðgang að.
4. Þegar fullnaðar frágangi við lekavarnarþró verður lokið þarf að fá til þess bærán aðila til að mæla rúmtak þróarinnar.

Annað ekki.

28.4.2011

Virðingarfyllst,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
 heita
 Leifur Þorkelsson
 heilbrigðisráðgjafi